



Fundargerð stjórnar SOS nr. 295

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 31. ágúst 2020 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson frá SASS.

1. Aðalfundur SOS 29. október nk.

Bjarni Guðmundsson, SASS, mætti á fundinn. Stefnt er að SASS þingi 29-30. október þó enn sé einhver óvissa um framkvæmd þess, vegna Covid-19. Fyrstu drög að aðalfundargögnum verða lögð fyrir næsta stjórnarfund.

2. Aðgerðaráætlun fyrir SOS vegna svæðisáætlunar

SG kynnti vinnu við aðgerðaráætlun SOS vegna endurskoðunar á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturland 2021-2032. SG falið að vinna frekar drög að aðgerðaráætlun og senda á stjórnarmenn til skoðunar svo fljótt sem verða má.

3. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason mætir á fundinn og gerir grein fyrir stöðu mála-

- a) Staða á móttöku úrgangs.
Afsetning á úrgangi á svæðinu gengur vel nema vegna dýrahæja
- b) Undanþágubeiðni vegna lífræns úrgangs.
Verið er að vinna að undanþágubeiðni hjá Umhverfisstofnun með Sorpstöð Rangæinga þannig að tímabundið verði hægt að urða lífrænan úrgang á Strönd þar til brennsluofninn verði tekinn í notkun.
- c) Dýrahæ/kaup á ofni. Farið var yfir drög að hönnunargögnum frá EFLU um útfærslu og fyrirkomulag á brennsluofni vegna dýrahæja. Stjórn SOS óskar eftir því að vera boðuð á samráðsvettvang með Sorpstöðinni Strönd og EFLU til að rýna hönnunargögnin og ræða útfærslur.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 15:00 þann 22. september næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 16:30.